

Sp. 325. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur og starfsmenn við fiskverkun.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið flutt á Alþingi, en í hvorugt skiptið náð fram að ganga. Hún er nú flutt í þriðja sinn í þeirri von, að hún verði loks samþykkt, enda ætti ekki að verða ágreiningur um nauðsyn þess máls, sem um er fjallað. Fiskmatsmenn hafa fyrr og síðar haft áhuga á stofnun skóla í sérgrein sinni, og fiskmatsstjóri hefur um margra ára skeið beitt sér fyrir námskeiðum í fiskmati. Samtök hraðfrystihúsaeigenda, bæði SH og SÍS, hafa haldið námskeið á eigin vegum víða um land fyrir starfsmenn sína, og hefur sú starfsemi verið til mikils gagns.

Námskeiðin ná þó of skammt. Fiskiðnaðurinn og fiskmatið þarfnast sérstaks skóla, og sýnist ekki óeðlilegt, að starfræksla hans sé að mestu eða öllu leyti á vegum ríkisins. Ekki virðist flutningsmönnum þessarar tillögu það endilega sjálfsagt, að skóli þessi sé deild í sjómannaskólanum né heldur að hann verði staðsettur í Reykjavík. Kann að vera, að aðrir staðir séu heppilegri sem skólasetur, og ber að kanna það ásamt öðrum þáttum þessa máls.

Fismats- og fiskiðnaðarskóli mundi hafa fjölbreytta námsskrá í bóklegum og verklegum efnum. Um lengd námstímans skal ekkert fullyrt á þessu stigi, en námi mundi að sjálfsögðu ljúka með prófi, sem réttlátt væri að gæfi ákveðin réttindi í sambandi við fiskmatsstörf, verkstjórn og leiðbeiningarstarfsemi í fiskiðnaði. Æskilegt væri, að menn gætu sérhæft sig á vissum sviðum fiskiðnaðar, en skólinn yrði þó aðallega að stefna að því að veita almenna þekkingu.

Nánar í framsögu.